

# Ársskýrsla RMF

# 2014

---

Ársskýrsla, yfirlit yfir útgefið efni,  
ráðstefnur og fyrirlestra



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

### Inngangur

Í júlí 2014 var stofnanasamkomulag HÍ og HA endurgert og nú með formlegri aðkomu Háskólans á Hólum. Samkomulagið felur ekki í sér neinar breytingar á stöðu RMF, en miðstöðin er enn hýst hjá HA sem samstarfsverkefni skólanna og sem snertiflötur er kemur að rannsóknum í ferðamálum á Íslandi. Haustið 2014 fluttist skrifstofa RMF á Akureyri frá 3. hæð á Borgum upp á 6. hæð, í rými þar sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafði verið áður. Er nú rýmra um starfsemina og betra á allan hátt.

Auk þessa bar helst til tíðinda á árinu að á haustdögum fékkst staðfest að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá árinu 2012 var varanlegt, en ekki til þriggja ára eins og talið var. Það þýðir að rekstrargrunnur RMF í formi fastra tekna er því kr. 41.450.000 auk framlags Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands í formi aðstöðu. Með þetta í farteskinu var lagt fram minnisblað um framtíðarskipan RMF á haustfundi stjórnar, þar sem lagt var til að ráðnir yrðu sérfræðingar til RMF á grunni framlagsins og forstöðumaður í fullt starf. Það var samþykkt og mun árið 2015 því snúast um að festa í sessi eiginlega starfsemi RMF og ljúka þeim verkefnum sem styrkt voru með framlagi ráðuneytisins frá 2012.

Á árinu 2014 komust rannsóknardagar RMF í fastari skorður. Þeir verða tvisvar á ári, haldnir að vori og hausti, og snúast um að þeir sem eru virkir í rannsóknum á framhaldsstigi og þeir sem sinna verkefnum styrktum af RMF fá tækifæri til að kynna þær/þau og fá endurgjöf. Um er að ræða tveggja daga dagskrá utan Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Fjórir aðilar kynna í hvert sinn en halda kynningum innan 30 mínútna og í framhaldinu eru allt að tvær klukkustundir þar sem allur hópurinn (aðrir kynnar, leiðbeinendur þeirra og stjórn RMF) kemur með ábendingar og gagnrýni. Fyrstu rannsóknardagar RMF voru haldnir á Höfn í Hornafirði 20.-21. september 2012. Þá var áherslan á verkefni styrkt af RMF. Næst kom sami hópur saman á Húsavík 9.-11. október 2013. Byggt á árangri þessa var ákveðið að fjölga rannsóknardögum í tvö skipti yfir árið, að vori og hausti, auk þess að bjóða framhaldsnemum í ferðamálafræðum að taka þátt. Vorið 2014 á Hólum í Hjaltadal voru þrír PhD nemar í ferðamálum við HÍ sem kynntu sín verkefni auk nýdktors við RMF dagana 4.-6. júní. Haustið 2014 (6.-7. nóvember) kom hópur RMF-styrkþega saman á Hvanneyri og fór yfir verkefnastöðuna.

Formlegar starfstöðvar RMF voru tvær á árinu, við Háskóla Íslands í Reykjavík (Öskju) og við Háskólann á Akureyri (Borgum), en þeir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru frá RMF eru þar að auki á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

Starfsmenn á árinu 2014 voru:

#### Á Akureyri

Dr. Alda Metrass Mendes, nýdكتور 100% (til 30. júní 2014)

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður 95%

Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur 100%

Mareike Scheller, skiptinemi (frá 1. september 2014)

### Í Reykjavík

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100% (kom úr fæðingarorlofi 25. ágúst 2014)

Dr. Cristi Frent, sérfræðingur 100%

Auk þeirra sem manna starfstöðvar RMF eru þeir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru af RMF en það eru:

Gyða Þórhallsdóttir, Reykjavík

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hólum

Johannes T. Welling, Höfn

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Húsavík

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur var haldinn 28. febrúar, vorkundur að Hólum 6. júní og haustfundur 30. október.

Í stjórn RMF árið 2014 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Dr. Ögmundur Knútsson (Háskólinn á Akureyri)

Dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóli Íslands) að aðalfundi

Dr. Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands) eftir aðalfund

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðabjónustunnar)

Dr. Guðrún Helgadóttir (Háskólinn á Hólum) að vorkundi

Dr. Georgette Leah Burns (Háskólinn á Hólum) frá vorkundi

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Í desember var gengið frá ráðningu nýs forstöðumanns, Kristínar Sóleyjar Björnsdóttur, sem tekur við störfum 1. janúar 2015. Edward H. Huijbens mun sinna starfi sérfræðings við stofnunina.

Akureyri í desember 2014

Edward H. Huijbens  
Forstöðumaður

### Rannsóknaverkefni ársins

Rannsóknaverkefnum RMF er hér skipt í tvo flokka eftir því hvort um er að ræða verkefni sem unnin eru af þeim sem fá fjármagn frá RMF til að vinna verkefni, en teljast ekki til eiginlegra starfsmanna og hinsvegar þeirra sem heyra beint til starfsliðs RMF. Hvað varðar fyrri flokkinn eru fjögur verkefni sem nánar er lýst hér að neðan.

#### Verkefni fjármögnuð gegnum RMF

---

##### **Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd**

Rannsóknin beinist að uppbyggingu ferðaþjónustu í jaðarbyggðum. Markmiðið er að greina hvað gerist í því ferli þegar staður umbreytist í áfangastað fyrir ferðamenn og hvernig þeir sem búa á viðkomandi stað skynja, skilja og upplifa þessa breytingu og hvaða ferlar skipta máli fyrir farsæla uppbyggingu og eflingu samfélags. Mjög hefur verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættar fyrir dreifðari byggðir, þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti, en lítið er þó vitað um hvað gerist þegar svæði eða tiltekinn staður verða áfangastaðir og þannig endurskilgreindir í ljósi þarfa atvinnugreinar sem er jafn margþætt og ferðaþjónusta. Skýrsla um stöðu verkefnisins í lok árs 2014 liggur fyrir en gagna var aflað á árinu og unnið úr þeim á grundvelli narratífugreiningar. Verkefninu á að ljúka í lok árs 2014, en framhald verður og væntingar um lokaskýrslu á árinu 2015.

Rannsókninni sinnir Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, en um er að ræða PhD-verkefni hennar sem dr. Katrín Anna Lund og dr. Gunnar Þór Jóhannesson við Háskóla Íslands leiðbeina.

##### **Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna**

Á árunum 2000 og 2001 voru þolmörk rannsökuð á fimm náttúruskoðunarstöðum á landinu þ.e. við Langasjó, í Lónsöræfum, Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og Mývatnssveit. Sumarið 2013 voru þessar rannsóknir endurteknaðar þar sem markmiðið var að greina hvort viðhorf ferðamanna hafi breyst á þeim rúma áratug sem liðinn er frá fyrri rannsóknunum. Með samanburðarrannsókninni fást upplýsingar um hvort jafnvægi ríki milli uppbyggingar í þágu ferðaþjónustu og auðlindarinnar út frá sjónarhóli þeirra gesta sem sækja staðina heim. Um leið skapast viðmið sem nýtast fyrir stefnumótun í ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið birtar í skýrslunni Samanburður á þolmörkum og þróun ferðamennsku í Vatnajökulspjóðgarði og Mývatnssveit árin 2000/2001 og 2013. Árið 2014 var gagna aflað á þeim ferðamannastöðum á Suður- og Vesturland sem skoðaðir voru. Um ítarlega spurningakönnun var að ræða og söfnuðust 12.643 listar og seinnihluti ársins snérist um úrvinnslu þeirra. Ítarleg skýrsla um aðferðir gagnaöflunar liggur fyrir í lok árs 2014.

Rannsókninni stýrir dr. Anna Dóra Sæþórsdóttir við Háskóla Íslands. Aðstoðarmenn eru Gyða Þórhallsdóttir og dr. Rögnvaldur Ólafsson.

### Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi

Verkefnið snýst um samspil ferðamennsku og hnattrænna loftslagsbreytinga, sérstaklega eins og það birtist í jöklalandslaginu sem setur afgerandi svip á Vatnajökulsþjóðgarð og grannbyggðir hans. Jöklar um allan heim hupa nú hratt vegna loftslagshlúnunar og erlendis má nú þegar víða finna dæmi um vinsæl ferðamannasvæði sem eiga undir högg að sækja vegna bráðnandi jökla. Á sama tíma eru vísbendingar um að aðdráttarafi jökla sem ferðamannastaða sé að aukast, m.a. vegna áhuga fólks á að upplifa jöklalandslag áður en það hverfur. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar, s.s. stjórnendur þjóðgarða og forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja, móti sameiginlega aðgerðaáætlun til að stemma stigu við (e. *adapt*) eða bæta fyrir (e. *mitigate*) neikvæð áhrif af völdum loftslagsbreytinga á jöklana og ferðamennsku sem þeim tengist.

Verkefnið samanstendur af nokkrum tengdum verkþáttum. Fyrsti hlutinn varðar gerð samantektar um umfang jöklaferðamennsku á Íslandi, ásamt söfnun og úrvinnslu upplýsinga um áhrif loftslagsbreytinga á ferðaþjónustu og öfugt. Annar hlutinn byggir á könnunum á meðal ferðaþjónustuaðila um áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi þeirra á jöklasvæðum. Þriðji hlutinn snýst um að kanna viðhorf og atferli ferðamanna sem leita sér afþreyingar af mismunandi toga á jöklasvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Í fjórða hlutanum verður fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækja og þjóðgarðsins stefnt saman til að móta sameiginlega sviðsmynd (e. *scenario*) um áhrif loftslagsbreytinga á þjóðgarðinn og ferðaþjónustuna innan hans á næstu árum og áratugum. Í fimmta hlutanum verður ofangreind sviðsmynd síðan lögð til grundvallar fyrir mótun sameiginlegrar aðgerðaráætlunar þjóðgarðsstjórnenda, ferðaþjónustuaðila og sveitarstjórnarfólks um leiðir til þess að stöðva, minnka eða aðlaga sig að neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Áfangaskýrsla um árið 2014 liggur fyrir.

Rannsókninni sinnir Johannes T. Welling, en um er að ræða PhD verkefni hans hjá Land- og ferðamálafræðistofu HÍ. Honum til fulltingis er dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Hornafirði.

### Ferðaþjónusta í byggðum landsins

Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík í samstarfi við RMF og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt; annars vegar að meta hvernig hægt er að vega bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar. Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn RMF á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu og munu niðurstöður þessa verkefnis verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum uppá einstök svæði. Áfangaskýrsla um árið 2014 liggur fyrir.

Rannsókninni sinnir Lilja B. Rögnvaldsdóttir hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík. Henni til fulltingis er dr. Cristi Frenç við RMF.

Tafla 1 sýnir hvenær þeim verkefnum sem að ofan eru talin lýkur.

**Tafla 1:** Upphafs- og endadagsetningar verkefna styrktum af RMF.

Verkefni	Hófst	Endar
Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd	1.jan.'13	óráðið
Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna	1.mar. '13	30.apr. '15
Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi	1.sept. '12	30.júl. '15
Ferðaþjónusta í byggðum landsins	1.sept. '12	30.jún. '15

### Verkefni unnin af RMF

Hér á eftir verða talin verkefni sem stýrt er af RMF og eru unnin af starfsfólki sem er á launaskrá RMF og telst til miðstöðvarinnar beint.

### Rannsóknaverkefni styrkt af Icelandair Group

Í júní 2012 tilkynnti Icelandair Group að í tilefni 75 ára afmælis flugfélagsins Icelandair mundi það styrkja RMF um 5 milljónir á ári til þriggja ára gegnum Háskólann á Akureyri. Í upphafi árs 2013 var ráðinn nýdoktor til að sinna rannsóknum á flug og ferðaþjónustu til þriggja ára.

Verkefnið stöðvaðist á miðju ári 2014, þegar nýdoktorinn sem ráðinn var sagði upp störfum. Um var að ræða verkefni sem greina átti samspil flugs og ferðamennsku og hvernig hægt væri að undirbyggja viðskiptalíkan sem skilar bæði hagnaði en gengur um leið ekki á auðlindir þær sem byggt er á. Í samvinnu við Icelandair var unnið að greiningu þátta sem undirbyggja stefnu félagsins og geta viðhaldið auðlindum þess um leið og hagnaði er skilað. Reynt var að nálgast gögn til að greina farþega félagsins á öllum stigum kaupákvörðunar, sem áttu að gagnast til að skilja væntingar og þarfir þeirra. Niðurstaða verkefnisins átti að leiða til áætlunar um hvaða markhópa væri hægt að höfða til og hvernig, þannig að bestur árangur yrði tryggður við vernd og viðhald auðlinda ferðaþjónustu innanlands um leið og flugfélagið skilar hagnaði og vexti. Lokaskýrsla um verkefnið, hindranir og árangur ársins 2014 liggur fyrir. Verkefninu lauk fyrr en áætlað var af ýmsum ástæðum sem eru raktar í skýrslunni.

Dr. Alda Metrass Mendes nýdoktor hjá RMF sinnti þessu verkefni til loka júní 2014.

### Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðaþjónustu á Íslandi

Með ráðningu nýs hagfræðings til RMF haustið 2013 komst skriður á rýni á hagrænum áhrifum ferðaþjónustu á Íslandi. Stærsti hluti þeirrar vinnu snýr að því að rýna hvaða gögn liggja fyrir sem nýta má til að greina hagræn áhrif ferðaþjónustu og í hve finni upplausn þessi gögn eru með tilliti til einstakra landshluta eða svæða. Á árinu 2014 var lögð lokahönd á rýni á hliðarreikninga Hagstofu Íslands sem gefnir voru út 2008, 2010 og 2011. Skoðað var á hvaða gögnum var byggt og hvort framsetning þeirra fylgdu alþjóðlegri forskrift um gerð slíkra reikninga. Tvær skýrslur um þessa rýningu og ráðleggingar við gerð hliðarreikninga fyrir ferðaþjónustu liggja fyrir en báðar fylgja áfangaskýrslu verkefnisins frá árinu 2013. Verkefnininu lýkur í september 2015.

Dr. Cristi Frenç sérfræðingur hjá RMF sinnir þessu verkefni.

### **Skemmtiskip við Íslandsstrendur**

Í lok árs 2012 var mótað verkefni um rannsókn á áhrifum af komu skemmtiskipa til Íslands og samningur við Cruise Iceland gerður um framkvæmd þess. Markmið rannsóknarinnar var að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrif þessara gestakoma á samfélög þar sem komið er að landi, sem og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Verkefnið er unnið með ráðgjöf og aðkomu Önnu Karlsdóttur við Háskóla Íslands. Á árinu var unnið að gagnaöflun og skrifum lokaskýrslu. Verkefninu lauk í lok árs 2014. Árið 2013 var skráð útgefin skýrsla á þetta verkefni en hún var aldrei gefin út. Hún kemur út núna með gagnaöflun ársins 2014.

Verkefninu sinnti Kristinn Berg Gunnarsson sérfræðingur hjá RMF, en dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður var honum til fulltingis.

### **Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).**

Evrópusambandið hvetur til samvinnu um rannsóknir og tækniþróun gegnum rammaáætlun sem nefnd er COST. Snemma í júní 2012 kom í ljós að RMF hefði ásamt fulltrúum frá vísindastofnunum 19 annarra Evrópulanda fengið styrk úr þessari áætlun. COST-verkefnið hófst formlega 25. júní 2012 og ber titilinn: Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL) og er innan COST vísað til sem IS1204 (sjá: [http://www.cost.eu/domains\\_actions/isch/Actions/IS1204](http://www.cost.eu/domains_actions/isch/Actions/IS1204)).

Í lok árs 2014 eru, líkt og í lok árs 2013, 29 lönd aðilar að verkefninu, sem leitt er af háskólanum í Exeter. Verkefnið snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar; menningu, heilsu og vellíðan gegnum ferðamennsku. Verkefnið miðar að því að tengja saman rannsóknir á vellíðan sem byggja á þjónustu vistkerfa og notkun þeirra gegnum ferðamennsku, útivist og afþreyingu. Til grundvallar verkefninu liggur að skapa ný samvinnu rannsóknarverkefni um hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan með samlífi við auðlindir náttúru og sjálfbæra nýtingu vistkerfa, um leið og reynt verður að leggja mat á virði slíkrar nýtingar. Þetta mun nást með samstarfi ólíkra rannsóknastofnana um alla Evrópu sem starfa munu saman á grundvelli fjögurra vinnuhópa. Sá fyrsti fjallar fræðilega um samband ferðamennsku, vellíðunar og þjónustu vistkerfa og leitast við að smíða hugtakaramma utan um það. Annar hópur mun fjalla um aðferðafræðilegar áskoranir við að kynna sér þetta samband. Þriðji hópurinn mun skoða samhengi öldrunar, vellíðunar og þjónustu vistkerfa. Fjórði hópurinn mun skoða stefnumótun og hvernig niðurstöður hinna hópanna geta upplýst mótun heilbrigðisstefnu.

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður sinnir þessu verkefni og stýrir innan þess samræmingu vísindaferða eða sk. *short term scientific missions*. Edward er einnig í stýrihópi verkefnisins. Klasi um heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi, Island of Health, tekur þátt í verkefninu og á fulltrúa á COST-fundum. Edward til fulltingis á árinu 2014 var Mareike Scheller sem er Erasmus skiptinemi frá Greifswald-háskóla í Þýskalandi. Hún horfir

sérstaklega til verkefnisins í samhengi við Mývatnssveit og uppbyggingu ferðapjónustu þar. Liður í þeirri rannsókn eru viðtöl við ferðapjónustuaðila sem gera markvisst útá umhverfi og náttúru í sinni vörubróun og markaðssetningu. Áætluð lok COST-verkefnisins eru haustið 2016.

### Slow adventure tourism og SAINT 2015

Verkefnið er í samvinnu við Norðmenn og Skota og er styrkt af NORA. RMF er í samvinnu við Háskólasetur HÍ á Hornafirði um innlenda hluta verkefnisins. Markmiðið er að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndis-ævintýri“ (e. *slow adventure*) á Norðurlóðum á starfsvæði NORA og hvað það er sem einkennir þessar ferðir. Með því að búa til skilgreiningu fyrirtækja sem bjóða yndisævintýraferðir og bera kennsl á fyrirtæki sem bjóða slíkar ferðir og hvata þeirra voru gerðar leiðbeiningar um hvernig má skipuleggja ferðapjónustu með þessum hætti sem gæti þannig verið frekar í takt við umhverfi og náttúru. Verkefnið hófst á haustdögum 2013 og lýkur vorið 2014. Fyrir liggur lokaskýrsla um verkefnið og íslenskur hluti hennar sem skilgreinir yndis-ævintýri í íslensku samhengi. Einnig var unnin umsókn uppúr verkefninu í Northern Periphery and Arctic Programme (NPP) ESB sem send var inn í lok árs 2014. Hún ber titilinn: *SAINT - Slow Adventure In Northern Territories*

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður sinnir þessu verkefni.

### Norðurlóðasamstarf

RMF er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurlóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar eru fjölmörg verkefni og ýmsir samstarfsmöguleikar í mótun. Frá upphafi árs 2014 hefur RMF séð um heimasíðu IPTRN (<http://iptrn.rmfi.is/>) og mun einnig skipuleggja fimmtu ráðstefnu hópsins haustið 2016 á Raufarhöfn í samvinnu við heimafólk þar.

Dr. Edward H. Huijbens forstöðumaður RMF sinnir samstarfinu.



### Útgefið efni 2014

Í töflu 2 er tekið saman útgefið efni til og með árinu 2014 ásamt fjölda starfsfólks og veltu á hverjum tíma. Neðan töflunnar eru taldar upp þær skýrslur, greinar og bókakaflar sem starfsfólk RMF og þeir sem sinna verkefnum hafa gefið út á árinu 2014.

**Tafla 2:** Samantekt tölfraeði um útgefið efni og fyrirlestra í samhengi við veltu og fjölda starfsfólks 2006-2014.

	Skýrslur	Bls. í skýrslum	Hlutar af öðrum skýrslum	Greinar	Starfsfólk /styrktir	Fyrirlestrar innanlands	Fyrirlestrar á alþj. ráðstefnum	Velta
2006	1	50	2	4	0,5	0	1	17
2007	3	186	2	7	2,5	6	4	18,5
2008	7	285	1	8	3,5	13	9	31
2009	6	475	0	14	3,5	15	14	29
2010	7	492	5	7	3,0	18	14	29
2011	4	287	2	10	2,0	12	12	20
2012	5	279	0	11	3,0	14	13	34,5
2013	8	505	2	7	6,0	18	15	52,8
2014	9	703	4	16	6,0	19	14	51
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>3262</b>	<b>18</b>	<b>84</b>	<b>30</b>	<b>115</b>	<b>96</b>	<b>282,8</b>

Skýrslur 2013 lagfært, samanborið við Ársskýrslu 2013 þar sem ein útgáfa færðist á 2014

Alda Metrass-Mendes (2014). *Icelandic tourism profitability and sustainability strategies: The facilitating role of aviation – Final Project Report*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Anna Dóra Sæpórsdóttir (2014). Þolmörk ferðamanna: Eru ferðamenn ónæmir fyrir vaxandi ferðamennsku? Í Ingjaldir Hannibalsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XV*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Anna Dóra Sæpórsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir (2014). *Aðferðir við að meta fjölda og taka úrtak meðal ferðamanna. Áfangaskýrsla um verkefnið Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi*. Reykjavík og Akureyri: Land- og ferðamálafræðistofa - Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Ferðamálastofa og Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens (2014). Natural wellness. The case of Icelandic wilderness landscapes for health and wellness tourism. Í M. Smith & L. Puczkó (ritstj.) *Health, Tourism and Hospitality: Spas, Wellness and Medical Travel*, bls. 413-416. London: Routledge.

Edward H. Huijbens (2014). Cruise tourism in Iceland and the North Atlantic. Gateways to the Arctic and the challenges to port readiness programmes. *Tourism in Marine Environments*. 10(3-4): í prentun.

Edward H. Huijbens, Gunnar Þór Jóhannesson og Hjalti Jóhannesson (2014). Clusters without Content? Icelandic National and Regional Tourism Policy. *Scandinavian Journal of Public Administration*, 18(1): 63-85.

Edward H. Huijbens, Gunnar Þór Jóhannesson og Björn Þorsteinsson (2014). Ylrækt rísómatískra sprota. Ferðaþjónusta í nýju ljósi. *Ritið*, 2/2014: 205-227.

Edward H. Huijbens & Kristinn B. Gunnarsson (2014). *Skemmtiferðaskip við Ísland. Úttekt á áhrifum*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens og Þorvarður Árnason (2014). Adventure tourism in Iceland. Tuning in to slow tourism. Í *Nordic Slow Adventure*. Skýrsla unnin af Centre for Recreation and Tourism Research, University of the Highlands and Islands, bls. 20-29.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Kristinn Berg Gunnarsson, Halldór Óli Kjartansson og Arnheiður Jóhannsdóttir (2014). Website analysis of tourism companies in North Iceland. Í O. Wiggen og M. Lexhagen (ritstj.) *Digital Toolbox. Innovation for Nordic Tourism SMEs*, bls. 67-97. Oslo: Nordic Innovation (2014:4).

Frenț, C. (2014). The Economic Benefits of Tourism in Iceland: Boosting the Icelandic Tourism Satellite Account Development - Icelandic Tourism Satellite Account (TSA) – A Conformity Assessment with United Nations standards for TSA – Part II. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre, bls. 122.

Frenț, C. (2014). The Economic Benefits of Tourism in Iceland: New developments for the Icelandic Tourism Satellite Account: Tourism Gross Fixed Capital Formation and Tourism Collective Consumption. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Frenț, C. (2014). Some Directions for the Future Development of a Tourism Satellite Account: The Case of Investments and Government Collective Consumption. Í H. Pechlaner og E. Smeral (ritstj.) *Tourism and Leisure. Current Issues and Perspectives of Development*, bls. 73-94. Wiesbaden: Springer Gabler.

Frenț, C. (2014). Evaluating conformity with international standards for a country's Tourism Satellite Account: Some insights from Iceland. Í ráðstefnuriti 12. OECD Global Forum on Tourism Statistics, haldin í Prag 15.-16. maí. Sjá: [http://www.tsf2014prague.cz/assets/downloads/Paper\\_3.4\\_CristiFrent\\_IS.pdf](http://www.tsf2014prague.cz/assets/downloads/Paper_3.4_CristiFrent_IS.pdf)

Gren, M. og Huijbens, E. (2014). Tourism in the Anthropocene. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 14(1): 6-22.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Gunnar Thór Jóhannesson (2014). Weaving with Witchcraft: Tourism and Entrepreneurship in Strandir, Iceland. Í B. Granås og A. Viken (ritstj.) *Destination Development in Tourism: Turns and Tactics*, bls. 95-112. Farnham: Ashgate.

Hall, M.C. et.al. (2014a). No time for smokescreen skepticism: A rejoinder to Shani and Arad. *Tourism Management*, 47: 341-347.

Hall, C.M. et.al. (2014b). Denying bogus skepticism in climate change and tourism research, *Tourism Management*, 47: 352-356.

Johannes T. Welling (2014). *Glacier tourism research - summary of literature scoping*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Johannes T. Welling og Þorvarður Árnason (2014). Glacier Tourism in Iceland: Development and Challenges. Í H. Richens og J.S. Hull (ritstj.) *Mountain Tourism - Experiences, Communities, Environments and Sustainable Futures*, bls. í prentun. Cambridge: CABI.

Laufey Haraldsdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2014). Pure, Fresh and Simple. "Spicing up" the New Nordic Cuisine. Í L. Joliffe (ritstj.) *Spices and Tourism: Destinations, Attractions and Cuisines*, bls. 169-182. Bristol: Channel View Publications.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2014). *Tourism Data Collection: Economic analysis at a sub-national level in Iceland*. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2014). *Þróun og staða ferðaþjónustu á Húsavík: Niðurstöður ferðavenjukannana sumrin 2013 og 2014*. Húsavík: Þekkingarnet Þingeyinga.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2014). Þróun og staða ferðaþjónustu á Húsavík: Niðurstöður ferðavenjukönnunar sumarið 2013. Í: Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XV*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Rögnvaldur Ólafsson (2014). Laugavegurinn. Gönguleiðir milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Fjöldi göngufólks 2011 til 2013. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Shaller, H. (2014). The Footprint of Tourism: Ecological sensitivity and hiking trail assessment at selected protected areas in Iceland and Hokkaido. Akureyri: Icelandic Tourism Research Centre.

Þóroddur Bjarnason og Edward H. Huijbens (2014): Stefna íslenskra stjórnvalda og vöxtur ferðaþjónustu á jaðarsvæðum: Áhrif Héðinsfjarðarganga í Fjallabyggð. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(2): 567-588.

Örn D. Jónsson og Edward H. Huijbens, (2014). Heima að Heiman. Deilihagkerfið og gestakomur til Íslands. *Íslenska Þjóðfélagið*, 5(1): 49-68.

### Fyrirlestrar og erindi 2014

Kristinn Berg Gunnarsson (2014). Áhrif af komu skemmtiferðaskipa til Íslands sumarið 2013 - Gögn og aðferðir -. Kynning á málstofu í viðskiptafræði. Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 21. febrúar.

Edward H. Huijbens (2014). *Health and Medical tourism in Iceland*. Kynning á 28. ársfundi ETC markaðsupplýsingadeildar. Harpa, Reykjavík, 13. mars.

Edward H. Huijbens (2014). *Ferðapjónusta á norðurslóðum*. Kynning við Háskólann á Akureyri. Akureyri, 14. mars.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2014). *Heksemuseet i Hólmavík, Island: Entreprenører og nettverk i etableringen av en turistattraksjon*. Kynning á námskeiðinu Trolldomshistorien som reiselivsprodukt, skipulagt af NordNorsk Reiseliv. Vardø, Noregi, 25. mars.

Johannes T. Welling (2014). *Tourism and Climate Change in Iceland*. Kynning í Nýheimum, fyrir nemendahóp frá University of British Columbia. Höfn, 12. maí.

Alda Metrass-Mendes (2014). *Icelandic tourism profitability and sustainability strategies: The facilitating role of aviation*. Kynning á PhD skóla um líkanagerð í samgöngnum við Politecnico di Torino. Torino, Ítalíu, 15. maí.

Cristi Frenț (2014). Evaluating conformity with international standards for a country's Tourism Satellite Account: Some insights from Iceland. Kynning á 12. OECD Global Forum on Tourism Statistics. Prag, Tékklandi, 16. maí.

Edward H. Huijbens (2014). *Ferðapjónusta á norðurslóðum*. Kynning fyrir forsætisráðherra Norðurlandanna. Háskólann á Akureyri, Akureyri, 23. maí.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2014). *Melting into a Place: Bræðslan the music festival as an identity project*. Kynning á deildarfundi Sociology, Political Science og Community Planning við University of the Arctic. Tromsø, Noregi, 30. maí.

Edward H. Huijbens (2014). *Fundarstjórn og erindi á fundi ferðamáladeildar Háskóla Íslands – fyllt í eyðurnar*. Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík, 19. mars.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2014). *Economic Impact of Tourism in Þingeyjarsýsla*. Kynning á 1st Whale Congress. Málþing um rannsóknir á hvöllum við Skjálfanda og ferðapjónustu á Hvalasafninu Húsavík, 16. júlí 2014.

Alda Metrass-Mendes (2014). *Icelandic Tourism Profitability and Sustainability Strategies: The Facilitating Role of Aviation*. Kynning á 18. ráðstefnu ATRS (Air Transport Research Society). Bordeaux, Frakklandi, 17.-20. júlí.

Alda Metrass-Mendes, De Neufville, R., Costa, A. og Oliveira, A.V.M. (2014). Stakeholder-Based Analysis of Air Transport Policies for Small Remote Communities: A Cross-Country Examination. Kynning á 18. ráðstefnu ATRS (Air Transport Research Society). Bordeaux, Frakklandi, 17.-20. júlí.

Edward H. Huijbens (2014). *Áfangastaður Ísland – framtíð ferðamannalands*. Tólf útvarpsþættir um ferðamál á RÚV – rás 1 á sunnudagsmorgnum 8. júní – 24. ágúst.

Edward H. Huijbens (2014). *Cruise tourism in Iceland and the North Atlantic. Gateways to the Arctic and the challenges to port readiness programmes*. Kynning á 4. IPTRN ráðstefnunni Polar Tourism Gateways. Past, Present, Future. Christchurch, Nýja-Sjáland, 30. ágúst.

Edward H. Huijbens (2014). *Tending to tourism. Tourism's role in thriving and declining communities*. Kynning á 3. Norrænu ráðstefnunni um dreifbýlisrannsóknir. Þrándheimi, Noregi, 10. september.

Edward H. Huijbens (2014). *Ferðaþjónusta, ylrækt og viðhald landsbyggðanna*. Kynning á Byggðaráðstefnu Íslands 2014. Sókn sjávarbyggða. Kemur framtíðin? Koma konurnar? Patreksfirði, 19. september.

Edward H. Huijbens (2014). *Vest Norden – a region to be branded? Challenges in matching supply and demand from new markets*. Kynning fyrir Nordatlantens Brygges Erhvervsklub, Íslandsbryggju, Kaupmannahöfn, Danmörk, 23. september.

Cristi Frentz (2014). Comparing tourism statistics of a country with international standards: Evidence from Iceland. Kynning á 23. Samnorrænu ráðstefnunni um ferðamál. Kaupmannahöfn, Danmörk, 4. október.

Edward H. Huijbens (2014). *Topological reflections. Marketing landscapes for tourists*. Kynning á 23. Samnorrænu ráðstefnunni um ferðamál. Kaupmannahöfn, Danmörk, 4. október.

Gyða Þórhallsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). *Avoiding bias: How to get a sample among tourists in highly visited destinations*. Kynning á 23. Samnorrænu ráðstefnunni um ferðamál. Kaupmannahöfn, Danmörk, 2. október.

Edward H. Huijbens (2014). *Health and Medical tourism in Iceland*. Kynning á 13. ScanBalt Forum 2014. University Medical Centre, Groningen, Hollandi 10. október.

Edward H. Huijbens (2014). *Rannsóknir í ferðamálum á Íslandi*. Kynning fyrir háskólann í Bodö og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu í N-Noregi. Skólalabru, Reykjavík, 13. október.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2014). *Narrating the success of an event: Event – place and identity*. Kynning fyrir ferðamáladeild University of the Arctic. Alta, Noregi, 30. október.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). *Polmörk ferðamanna: Eru ferðamenn ónæmir fyrir vaxandi ferðamennsku?* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Cristi Frent (2014). *A closer look at some inbound tourism statistics in Iceland.* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Edward H. Huijbens (2014). *Ferðamennska á nýrri öld. Manntíminn og ferðamál.* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Gyða Þórhallsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). *Úrtak gesta á fjölsóttum áfangastöðum.* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Johannes T. Welling (2014). *What makes a glacier a tourist destination?* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir (2014). *Þróun og staða ferðapjónustu á Húsavík.* Kynning á Þjóðarspegli XV. Háskóli Íslands, Reykjavík, 31. október.

Edward H. Huijbens (2014). *Helstu niðurstöður úttektar RMF á komum skemmtiferðaskipa til Íslands 2013 og 2014 - punktar vegna stefnumótunar.* Stefnumótunarfundur Cruise Iceland 2014. Nauthóli, Reykjavík, 17. nóvember.

Cristi Frent (2014). *Tourism Satellite Account in Iceland: Proposing some improvements.* Kynning á fjarfundi fyrir Háskólasetur Vestfjarða. Ísafirði/Reykjavík, 19. nóvember.

Edward H. Huijbens (2014). *Ferðalög og ylrækt byggðarþróun, skipulag og uppbygging áfangastaða.* Yndislega sveitin mín – 2014 - Áhrif ferðapjónustu á umhverfi og menningu. Skjólbrekku, Mývatnssveit, 30. nóvember.

Edward H. Huijbens (2014). *Hvað vitum við um ferðamál? Staða gagnaöflunar og rannsókna í ferðapjónustu.* Kynning fyrir verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar. Umhverfisráðuneytið, Reykjavík, 9. desember.

### Yfirlit ársins 2014

Að neðan er listi yfir helstu ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur komið að. Starfsmenn og þeir sem sinna verkefnum á vegum RMF mættu á 14 alþjóðlegar fræðaráðstefnur og fundi víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

#### Janúar:

- 9.-10. COST-verkefnisfundur í Pöllauberg, Austurríki
- 16. Fundur vegna Svartáarkotsverkefnis
- 23. Símafundur við Cruise Iceland
- 27. Kennsla í leiðsögunámi við endurmenntun HA

Í þessum mánuði var unnið að ársskýrslu ársins 2013 og yfirllestri og frágangi verkefnaskýrslna. Gagna var aflað vegna verkefnis styrkt af Icelandair og unnið að gagnaöflun og skrifum skýrslu fyrir Cruise Iceland. Vinna við seinni hluta rýningar á ferðaþjónustureikningum Hagstofu Íslands hófst og unnið var að grein um áhrif Héðinsfjarðarganga á ferðamennsku í Fjallabyggð fyrir *Stjórnmal og stjórnsýslu*. Heimasíða IPTRN var frágengin og sett í loftið gegnum RMF vefinn.

#### Febrúar:

- 3. Fundur með Icelandair
- 7. Fundur í viðskiptadeild HÍ
- 9.-16. Kynning á RMF og úttekt skíðasvæða í kringum UBC í Kanada
- 20. Meistaravörn við háskólasetur Vestfjarða um skemmtiferðaskip á Ísafirði
- 21. NSU sumaraháskólinn og kynning á skemmtiferðaskipa verkefni við viðskiptadeild HA
- 24. Skype fundur stýrihóps IPTRN
- 28. Aðalfundur RMF

Í þessum mánuði var unnið að uppgjöri og gögnum fyrir aðalfund RMF. Mestur kraftur fór í vinnslu skýrslu fyrir Cruise Iceland og lokafrágang skýrslna frá verkefnum. Gagnaöflun hélt áfram og gert var trúnaðarsamkomulags við Icelandair. Gengið var frá grein um áhrif Héðinsfjarðargangna á ferðamennsku í Fjallabyggð fyrir *Stjórnmal og stjórnsýslu*. Einnig voru útdrættir rýndir fyrir ritstýrt safn greina um ferðamennsku á manntímum (e. *Tourism and the Anthropocene*) sem verður send Routledge. Lögð voru drög að grein um áhrif vaxandi útleigu einstaklinga til ferðafólks á íbúðum.

#### Mars:

- 5. Fundur um gerð landskipulags
- 13. Kynning fyrir Visit Europe í Hörpu, Reykjavík
- 14. Málþingið Ísland á norðurslóðum – pallborð um ferðamál
- 19. Ráðstefna um ferðamál – Fyllt í eyðurnar, fundarstjórn
- 23.-25. NORA slow adventure-fundur í Þrándheimi

Í þessum mánuði voru lokaverkefni metin sem komu til greina fyrir lokaverkefnisverðlaun RMF. Unnið var að gerð lokaskýrslu vegna NORA slow adventure tourism verkefnis og fengin rýni á skýrslu um skemmtiferðaskip og unnið að uppfærslu og lagfæringu hennar. Lögð var lokahönd á tillögu um ritstýrt safn greina um ferðamennsku á manntímum (e. *Tourism and the Anthropocene*) sem send var Routledge.

### Apríl:

2. Skíðasvæði á Norðurlandi heimsótt
7. Fyrsti undirbúningsfundur vegna 24. samnorrænu ráðstefnunnar í ferðamálafræði
10. Afhending lokaverkefnisverðlauna RMF á aðalfundi SAF
13. Fyrstu þættir um Áfangastaður: Ísland – framtíð ferðamannalands teknir upp
28. Fundur með Forlaginu um frekari kynningu á bókinni *Ferðamál á Íslandi*

Í þessum mánuði var unninn útdráttur að grein í *Tourism in Marine Environments* uppúr skýrslu um skemmtiferðaskip við Íslands strendur. Undirbúningur rannsóknardaga RMF við Hóla fór fram og frágangur bókarkafla fyrir Routledge í bókina *Tourism encounters and controversies: ontological politics of tourism development*, bókarsamning við Routledge um *Tourism and the Anthropocene* og frágangur greinar í Ritið um verufræði ferðamennsku. Gengið var frá skýrslu annars hluta í rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands fyrir ferðapjónustu.

### Mái:

2. Samráðsfundur COST-verkefna – new materialities og TObeWell
15. Fundur með PAME um skemmtiferðaskipasiglingar á norðurslóðum
15. PhD-námskeið um líkanagerð í samgöngum, kynning RMF, Torino, Ítalíu
- 15.-16. 12. OECD Global Forum on Tourism Statistics, Prag í Tékklandi
- 18.-21. COST TObeWell-fundur í Varsjá
21. Andmæli við meistaravörn í HÍ
27. Fundur forsætisráðherra Norðurlanda við HA – kynning RMF með SAF

Í þessum mánuði var unnið að samstarfi COST-verkefna er tengjast ferðamálum á Íslandi með það fyrir augum að leggja grunn að öndvegissetri. Unnið var í grein um þjónustu vistkerfa og fjármálavæðingu náttúru. Sótt var um styrki í Akureyrarsjóð og KEA-sjóð vegna tveggja verkefna, annarsvegar um mat á stigamatskerfi háskóla og hinsvegar áhuga Kínverja á norðurslóðum. Lagður var grunnur að grein um skemmtiferðaskip á norðurslóðum fyrir *Tourism in Marine Environments*. Upptaka hófst á þáttunum Áfangastaður: Ísland, framtíð ferðamannalands, sem fluttir verða á sunnudagsmorgnum á RÚV Rás 1 sumarið 2014.

### Júní:

- 4.-6. Vorfundur stjórnar RMF að Hólum og rannsóknardagar RMF
10. Heimsókn University of Western Kentucky, loftslagsbreytingar
13. Fundur með Landgræðslu um umhverfisálag ferðamennsku
19. Vinnufundur með Cruise Iceland
20. Vinnufundur um Ice-Mat – mögulegt öndvegissetur sem samlegð COST-verkefna og fleiri tengdra verkefna



Í þessum mánuði var lagður grunnur að inngangi bókarinnar *Tourism and the Anthropocene*, sem Routledge gefur út um mitt ár 2015. Gengið var frá tveimur skýrslum, annarsvegar seinnihluta rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands og hinsvegar lokaskýrslu verkefni fyrir Icelandair. Fundað var með Eyrúnu um hvenær hún mundi hefja störf og hennar verkefni með haustinu. Teknir voru upp fleiri þættir í þáttaröðinni Áfangastaður: Ísland fyrir Rás1.

### Júlí:

10. Fundur með Safnaráði um mögulegt verkefni um hlutverk safna
11. Fundur með Ferðamálastofu um drög að verkefni um mat á þolmörkum heimafólks á Íslandi
- 17.-20. ATRS-ráðstefnan í Bordeaux, Frakklandi, kynningar frá RMF
21. RMF í viðtali við BBC Travel

Lögð var lokahönd á skýrslu um komu skemmtiferðaskipa til Íslands, inngangskafli bókarinnar *Tourism and the Anthropocene*, grein fyrir *Tourism in Marine Environments*, yfirferð lokarýni á grein í *Geografiska Annaler B*. Teknir voru upp lokaðættirnir í þáttaröðinni Áfangastaður: Ísland fyrir Rás1.

### Ágúst:

6. Fundur með háskólanum á Hólum og Ferðamálastofu um rannsókn á þolmörkum heimafólks
12. Fundur með nýjum rektor HA – kynning á RMF
- 16.-17. Vinnuhelgi með Pou Obrador-Pons frá Sunderland-háskóla
18. Ráðstefna og kaupstefna um skíðaferðamennsku á Siglufirði
19. Hvalveiðar og hvalaskoðun, fundur í breska sendiráðinu
21. Fundur með KPMG um menntunarpörf í ferðaþjónustu
25. Eyrún Jenný hefur störf í Reykjavík eftir fæðingarorlof
- 28.-4. Fjórða IPTRN-ráðstefnan í Christchurch/Akaroa á Nýja-Sjálandi

Unnið var að viðbótum og rýni á og gengið frá inngangskafli í skýrslu um komu skemmtiferðaskipa til Íslands, sem og lokahönd lögð á inngangskafli *Tourism and the Anthropocene*, og grein fyrir *Tourism in Marine Environments*. Unnin var upp grein fyrir COST verkefnið TobeWell um ferðamennsku og þjónustu vistkerfa (e. *ecosystem services*) og grunnur lagður á rýni á áhrifum deiliahagkerfis á íslenska ferðaþjónustu. Gengið frá lokaskýrslu frá Öldu í samstarfi við Icelandair.

### September:

- 1.-4. Fjórða IPTRN-ráðstefnan í Christchurch/Akaroa á Nýja-Sjálandi
- 8.-10. Þriðja Nordic Ruralities-ráðstefnan, Þrándheimi, Noregi – RMF keynote
- 19.-20. Byggðaráðstefna Íslands á Patreksfirði
23. Kynning fyrir Nord Atlantens Brygges Erhvervsklub, Kaupmannahöfn

Í þessum mánuði var unnið að undirbúningi dagskrár RMF fyrir haustið, en það eru rannsóknardagar RMF, stjórnarfundur, örráðstefna og málstofur um ferðamál á Þjóðarspegli.

Lagður var grunnur að aðkomu RMF að gerð hliðarreikninga fyrir Hagstofu Íslands og unnið í gerð kynningarefnis (heimasíðu og bæklinga) fyrir 24. samnorrænu ráðstefnunnar í ferðamálafræði sem haldin verður í Reykjavík 2015. Unnið var í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að spurningakönnun meðal Íslendinga um afstöðu gagnvart ferðaþjónustu, verkefni sem Ferðamálastofa greiðir. Nýr starfsnemi Mareike Scheller frá háskólanum í Greifswald hóf störf hjá RMF á Akureyri og vinnur að gagnaöflun og rýni vegna COST-verkefnis um ferðaþjónustu og þjónustu vistkerfa sem og heimildaöflun fyrir rýni á þolmörkum heimafólks gagnvart ferðafólki hér á landi.

### Október:

- 2.-4. 23rd Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research – Kaupmannahöfn
- 9.-10. ScanBalt forum, Groningen í Hollandi – kynning frá RMF
- 13. Kynning fyrir norska hagsmunaaðila og skólafólk um ferðamála, Skólalabur, Reykjavík
- 19. Kennsla við Listaháskóla Íslands
- 23. Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Norðurlandi
- 26. Kynning á rannsóknum í ferðamálum á Höfn í Hornafirði
- 30. Haustfundur stjórnar RMF og örráðstefna RMF – álag á náttúru
- 31. Þjóðarspejill, ráðstefna við HÍ – málstofur um ferðamál

Í þessum mánuði var unnið að rýni á hliðarreikningum Hagstofu Íslands um ferðamál og tengingu við staðbundna athugun á efnahagsáhrifum á Húsavík, lögð var lokahönd á grein í *Tourism in Marine Environments* um skemmtiferðaskip, unnið var að gerð umsóknar í nýja norðurslóðaáætlun ESB (NPA 2014-2020) um „yndis-ævintýri“. Tekin voru viðtöl vegna norðurslóðarannsóknar í samvinnu við háskólann í Singapore. Hafinn var undirbúningur að mögulegu samstarfi um umsókn í NordForsk um *Nordic Centres of Excellence in Arctic Research*. Unnið var að skipulagi málstofa á 6. NGM-fundi í Tallinn, Eistlandi.

### Nóvember:

- 4. Kynning á RMF og ferðamálarannsóknum á Northern Forum - Akureyri
- 5. Fundur vegna nýsköpunarverðlauna SAF
- 6.-7. Rannsóknardagar RMF – Hvanneyri í Borgarfirði
- 10.-11. Framtíðarsýn ferðaþjónustu – vinnufundur í boði Landsbankans - Selvík
- 13. Kynning fyrir ferðamálafélag Eyjafjarðar
- 17. Kynning á niðurstöðum vinnu fyrir Cruise Iceland – Nauthóli
- 19. Kynning á verkefni Cristi Frenç á fjarfundi fyrir Háskólasetur Vestfjarða
- 27. Kynning um ferðamál fyrir Lions á Akureyri
- 30. Kynning á fundi Fjöreggs í Mývatnssveit um skipulag ferðaþjónustu

Í þessum mánuði var unnið að skipulagi málstofa á sjöttu norrænu landfræðiráðstefnunni í Tallinn 2015, unnið að grein um deiliahagkerfið og ferðaþjónustu og grein um ferðavenjur frístundahúsaeigenda í Fjallabyggð og hlutverk í uppbyggingu ferðaþjónustu. Lokahönd lögð á grein um ferðamenn í Fjallabyggð og hlutverk samgönguáætlunar í *Stjórnsmál og stjórnsýslu*. Lögð voru drög að verkefnaskýrslum ársins og gengið frá samkomulagi um

ferðaþjónustu vegna 24. samnorrænu ráðstefnunnar í ferðamálafræði sem haldin verður haustið 2015 í Reykjavík.

### Desember:

- 5. Verkefnafundur með Ferðamálastofu vegna rannsóknar á félagslegum þolmörkum
- 9. Kynning á rannsóknum í ferðamálum fyrir verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar
- 15.-16. Viðtöl við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri
- 23.-6. Jólafrí

Í þessum mánuði var unnið að rannsókn á félagslegum þolmörkum Íslendinga gagnvart ferðamennsku. Gengið var frá grein um deiliahagkerfið og ferðaþjónustu og grein um ferðamenn í Fjallabyggð og hlutverk samgönguáætlunar í *Stjórnsmál og stjórnsýslu*. Mikil vinna fór í að breyta heimasíðu RMF til að gera hana aðgengilegri og að hún miðli betur upplýsingum.